

431. fundur velferðarnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. september
2018 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Tinna Hrund Hlynisdóttir formaður, Þórir Guðmundsson varaformaður, Hulda María Guðjónsdóttir aðalmaður, Bragi Rúnar Axelsson aðalmaður og Auður Helga Ólafsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Gunnhildur Björk Elíasdóttir.

Embættismenn:

Sædis María Jónatansdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu og Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Fundargerð ritaði: Sædis María Jónatansdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál. - 2011090094

Þrjú trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

Trúnaðarmálin afgreidd og færð til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.

2. Nefndarmenn 2018-2022 - 2018050091

Lagt fram minnisblað Margrétar Geirsdóttur og Sæðisar Maríu Jónatansdóttur um þjónustuhóp aldraðra. Minnisblaðið greinir frá breytingum á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 þar sem þjónustuhópur aldraðra er lagður niður og öldungaráð tekur við lögbundnum skyldum hans. Þjónustuhópur aldraðra hefur jafnframt annast forgangsröðun á biðlista eftir þjónustuíbúðum í eigu Ísafjarðarbæjar. Lagt er til að félagsmálateymi á velferðarsviði taki við því hlutverki. Einnig lögð fram drög að erindisbréfi fyrir velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar. Jafnframt lögð fram til kynningar samþykkt um öldungaráð í Ísafjarðarbæ.

Velferðarnefnd leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að félagsmálateymi á velferðarsviði taki við því hlutverki þjónustuhóps að úthluta leiguíbúðum á Hlíf og Tjörn á grundvelli fyrirliggjandi reglna.

Velferðarnefnd leggur jafnframt til við bæjarstjórn að erindisbréf velferðarnefndar verði samþykkt með áorðnum breytingum. Að lokum bendir nefndin á að gera þurfi breytingar á bæjarmálasamþykkt og skipan í öldungaráð á grundvelli nýrra laga.

3. Fundargerðir stjórnar BSVest. - 2015030003

Lögð fram fundargerð stjórnar BsVest frá 19. fundi.

Lagt fram til kynningar.

4. Landsfundur jafnréttismála 2018 - ungt fólk og jafnréttismál. - 2018090032

Lagður fram tölvupóstur frá Sigríði Ólöfu Guðmundsdóttur dags. 8. júní s.l. þar sem boðað er til landsfundar jafnréttismála sem ber yfirskriftina „Ungt fólk og jafnréttismál“. Landsfundurinn er að þessu sinni í Mosfellsbæ 20. og 21. september n.k.

Fulltrúi frá velferðarnefnd mun sækja fundinn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30

Tinna Hrund Hlynsdóttir

Þórir Guðmundsson

Hulda María Guðjónsdóttir

Bragi Rúnar Axelsson

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

Sædis María Jónatansdóttir

Margrét Geirsdóttir